

**Ed.            819. Tillaga um að vísa til ríkisstjórnarinnar            [62. mál]**

málinu: Frv. til l. um breyting á lögum nr. 63 1974, um grunnskóla.

Frá Jóni Helgasyni, Axel Jónssyni og Helga F. Seljan.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er verið að auka útgjöld ríkissjóðs með stofnun nýrra fræðsluskrifstofa, jafnframt því sem það mun veikja það skipulag, sem nú er verið að byggja upp úti um land. Hins vegar leysir frumvarpið ekki þann vanda, sem kann að koma upp, ef sveitarfélög segja sig úr hinum frjálsu samtökum sveitarfélaga. Og með tilliti til þess, að óeðlilegt er að stofna nýjar fræðsluskrifstofur án þess að sá vandi sé leystur a. m. k. samhliða, þá er lagt til að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar.